

## AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017,  
Borgarbraut, Borgarnesi.**

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 3. maí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017 frá 19. október 1998.

Breytingin felst í því að útivistarsvæði, opið svæði til sérstakrar notkunar, breytist í svæði fyrir íbúðarbyggð. Svæðið nær frá Borgarbraut 36 í áttina að Böðvarsgötu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Borgarbyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 3. maí 2005.*

F. h. r.  
**Magnús Jóhannesson.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*